**Námsáætlun fyrir dönsku - 7. bekkur**
**skólaárið 2024 – 2025**

**Kennari:** Erla Jóhannsdóttir og Hildur Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Lota | Hæfniviðmið<br>Nemandi geti: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Lota 1**<br>**Start les- og vinnubók**<br><br>**Hvem er jeg,**<br>**Hvor kommer du fra?**<br>**Min krop** | Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. (Menningarlæsi)<br><br>Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. (Menningarlæsi) | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf |
| **Lota 2**<br>**Start les- og vinnubók**<br><br>**Dagene**<br>**Familien** | Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi t.d af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. (Hlustun)<br><br>Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. (Lesskilningur)<br><br>Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. (Frásögn)<br><br>Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkunum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | gátlista. (Ritun) | | |
| **Lota 3**<br>**Start les- og vinnubók**<br><br>**De fire årstider**<br>**Hvad er klokken?** | Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum (Hlustun)<br><br>Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. (Lesskilningur)<br><br>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. (Samskipti)<br><br>Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli, vinum og umhverfi. (Ritun)<br><br>Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja. (Námshæfni) | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf. |
| **Lota 4**<br>**Start les- og vinnubók**<br><br>**Mit hjem**<br>**Fødselsdagen** | Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. (Frásögn)<br><br>Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. (Samskipti)<br><br>Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. (Ritun)<br><br>Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. (Námshæfni) | Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. | Símat<br>Lesskilningspróf |
| **Námsgögn:**<br>Start les- og vinnubók, danskir þættir/dönsk kvikmynd, efni frá kennara og af netinu. | | | |

| |
|---|
| Námsleikir, bingó, spil og annað þess háttar. |
| **Lokanámsmat:**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár.  Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og þá fá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+,C, D. |